

STEFNA UM VIÐSKIPTI STARFSMANNA OG FJÁRHAGSSTÖÐU ÞEIRRA

Það er stefna Arion banka að standa vörð um hæfi starfsmanna og stuðla að því eigin viðskipti þeirra séu yfir gagnrýni hafin.

Gott orðspor er meðal mikilvægustu eigna Arion banka, en orðsporið byggist að miklu leyti á heilindum og hæfi starfsmanna hans.

Starfsmenn skulu koma hreint fram og starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur, með hagsmuni viðskiptavina og bankans að leiðarljósi.

Bankinn er leiðandi aðili í fjármálum og leggur metnað sinn í að veita faglega fjármálaráðgjöf til viðskiptavina sinna. Því er ávallt gerð sú krafa til starfsmanna, þ.m.t. stjórnarmanna, að þeir sýni fyrirhyggju í eigin fjármálum og séu fjár síns ráðandi. Starfsmenn skulu forðast að stofna til fjárhagslegra skuldbindinga sem fela í sér hættu á hærri greiðsluskyldu en viðkomandi getur staðið við.

Starfsmenn eru hvattir til að eiga bankaviðskipti sín við Arion banka. Starfsmönnum bjóðast sérkjör í viðskiptum við bankans, þ.e. einkum afslátt frá tilteknum gjaldskrárlíðum og bætt vaxtakjör á tilteknum reikningum og við tilteknar fyrirgreiðslur. Viðskipti starfsmanna skulu að öðru leyti, eftir því sem kostur er, lúta sömu reglum og viðskipti við viðskiptavini í sambærilegum viðskiptum.

Starfsmönnum ber að gera sér grein fyrir því upplýsingaumhverfi sem þeir vinna í og þeirri ábyrgð sem fylgir aðgangi að slíkum upplýsingum. Í þessu felst meðal annars að starfsmenn skulu gæta þess að verðbréfavíðskipta þeirra verði ekki álitin tortryggileg vegna starfa þeirra fyrir bankann.

Arion banki mælist gegn því að starfsmenn eigi verðbréfavíðskipti, umfram það sem almennt telst eðlileg ráðstöfun á eigin fjármunum. Starfsmönnum er óheimilt að hafa atvinnu af verðbréfavíðskiptum samhliða störfum þeirra fyrir bankann.

Markmið stefnu þessarar er að tryggja trúverðugleika bankans og draga úr hættu hagsmunaárekstrum og misferli.

INNLEIÐING

Á grundvelli stefnu þessarar hefur bankinn:

- Lagt skyldu á starfsmenn að sýna fyrirhyggju í eigin fjármálum og að tilkynna um eigin fjárhagsvanda.
- Sett reglur og skilgreint verklag vegna bankaviðskipta starfsmanna.
- Sett reglur og skilgreint verklag og vegna verðbréfavíðskipta starfsmanna.

ÁBYRGÐ OG SKÝRSLUGJÖF

Bankastjóri skal tryggja að viðeigandi reglur og ferlar séu innleidd og þeim viðhaldið.

Regluvörður hefur umsjón og eftirlit með reglum um eigin viðskipti með fjármálagerninga og að viðkomandi lögum og reglum sé framfylgt, ásamt því að aðstoða framkvæmdastjóra við að skipuleggja reglulega fræðslu fyrir starfsmenn um slík viðskipti.



Bankastjóri skal upplýsa stjórn svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega, um sérkjör starfsmanna og ráðstafanir sem gripið hefur verið til vegna hugsanlegs fjárhagsvanda.

Regluvörður skal upplýsa stjórn svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega, um framkvæmd reglna um eigin viðskipti með fjármálagerninga.